



Skólanefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð.

8. fundur Skólanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í Stjórnsýsluhúsinu Borg, 18. apríl 2023 kl. 14:15.

Fundinn sátu:

Pétur Thomsen, formaður, fulltrúi sveitarstjórnar
Anna Margrét Sigurðardóttir, fulltrúi sveitarstjórnar
Anna Katarzyna Wozniczka, fulltrúi sveitarstjórnar
Anna Katrín Þórarinsdóttir, fulltrúi kennara
Iða Marsibil Jónsdóttir, sveitarstjóri
Íris Gunnarsdóttir, fulltrúi foreldra
Jóna Björg Jónsdóttir, skólastjóri
Emilía R. Gilbertsdóttir, fulltrúi leikskóladeildar

Fundargerðin var rituð í tölvu og hana ritaði Anna Katarzyna Wozniczka.

1. Skóladagatal Kerhólsskóla

Farið yfir skóladagatal Kerhólsskóla fyrir árið 2023/24 og síðustu breytingar en settar voru nánari skýringar varðandi skammstafi fyrir aftan daga, þ.e.:

„S“ skertur dagur nemenda grunnskólans

„U“ Uppbrotsdagur kennara, fullur dagur fyrir nemendur

Rætt var um mikilvægi þess að útskýra skipulagið betur t.d. á opnum skólafundi þegar farið er yfir verkefni í leik- og grunnskólanum nk. skólaár.

Skóladagatalið samþykkt með engum athugasemdum.

2. Stjórnskipun skólans

Búið er að auglýsa eftir verkefnastjóra (staðgengil skólastjóra) á eldra stig (grunnskóladeild) Kerhólsskóla. Ein umsókn borist og því var ákveðið að framlengja umsóknarfrest um tvær vikur eða til og með 2. maí 2023.

Engar athugasemdir.

3. Fagháskólanám í leikskólafræðum

Sveitarstjórn fékk bréf frá Háskóla Íslands og Háskóla á Akureyri með kynningu á fagháskólanámi í leikskólafræðum. Rætt var hvort þetta verkefni myndi henta starfsfólki leikskólans en samhljómur var í hópnum að svo væri ekki að svo stöddu. Hlutfall faglærða



Skólanefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

starfsmanna er tiltölulega hátt í leikskólanum, ekki er komin reynsla á þetta verkefni og að auki eru aðrar leiðir þegar í boði fyrir þá sem vilja mennta sig í leikskólafræðum.

Sveitarstjóra falið að senda svarbréf.

4. Önnur mál

Endurskoða þarf gjaldskrána vegna dvalargjald í leikskóla og frístund sem mun taka gildi næstu áramót.

Kanna þarf möguleika á gjaldtöku í tilfellum þegar börn mæta of snemma eða eru sótt of seint í skóla/frístundir. Þetta fyrirkomulag er þekkt í öðrum sveitarfélögum en skoða þarf nánar hentuga útfærslu.

Næsti fundur Skólanefndar verður haldinn 9. maí 2023, kl.14:15-16:00.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:15.